

## Byggðakvóti fiskveiðíárið 2019/2020 í Súðavík.

Eftirfarandi sérreglur gilda fyrir úthlutun byggðakvóta í Súðavík fyrir kvótaárið 2019-2020.

1. Eingöngu skip skráð í Súðavík, eigi síðar en frá og með 1. júlí 2019, eiga þess kost að veiða byggðakvóta sem úthlutað er til Súðavíkurhrepps fyrir kvótaárið 2020 (1. september 2019 til 31. ágúst 2020). Þó geta skip sem leigð eru innan útgerðar sem er með fleiri en eitt skip átt kost á að veiða byggðarkvóta, líkt og leyfilegt er samkvæmt reglugerð 676/2019.
2. Skip skulu hafa gildan vinnslusamning við fyrirtæki á svæðinu og uppfylla þau skilyrði að öðru leyti. Öllum afla, byggðakvóta og mótfraumagi hvers og eins, verður landað til Íslandssögu hf. sem kaupir allan landaðan byggðakvóta Súðavíkurhrepps ásamt mótfraumagi, en Íslandssaga/Norðureyri og Vestfiskur eru tengdir aðilar um vinnslu.
3. Áskilið er að allur byggðarkvóti og andlag (mótfraumag) skuli landað í Súðavíkurhöfn og skal þar fylgt reglum um sérmerkingu og tilgreiningu byggðarkvóta líkt og reglugerð og lög gera ráð fyrir. Undandtekning frá löndunarskyldu vegna *force majeure* atvika, s.s. vegna bilunar eða hættuástands, til einstaka löndunar utan Súðavíkurhafnar til Íslandssögu. Viðkomandi ber að gera grein fyrir því svo fljótt sem við verður komið á meðan vinnslusamningur er í gildi.
4. Byggðarkvóti úthlutast þannig að reglan „**tonn á móti tonni**“ gildir, og skal þar sé sem fær úthlutun tryggja að fyrir hvert úthlutað þorskígildistönn komi mótfraumag jafn mikið og landað í móti innan sama fiskveiðíárs. Það skal þó heimilt að útfæra eftir sérreglum sem gilda gagnvart þeim bátum sem eru á strandveiðum.
5. Eftirfarandi skipting byggðakvóta Súðavíkurhrepps skal vera fyrir fiskveiðíárið 1. september 2019 – 31. ágúst 2020 (120 tonn þorskígildistönn og 119 færð milli ára óveidd, samtals 239 tonn):
  - a. Icelandic Sea Angling fái vegna sjóstangveiða (frístundabátar) **65** tonn, en útfært nánar á báta félagsins eftir því sem fyrirækið telur henta enda hafi félagið gildan vinnslusamning.
  - b. Íslandssaga/Norðureyri/Vestfiskur fái **65** tonn, útfært nánar eftir því hvaða skip félagið(fyrirtækin) leggur fram við veiðar samkvæmt nánara samkomulagi enda er útgerð heimilt að nota fleiri en eitt skip til veiðanna skv. reglum um byggðakvóta.
  - c. Bjartmarz ehf. útgerð fái **34** tonn, heimilt að úthluta allt að 15 tonnum á krókabát, eða veiða á önnur skip útgerðar annars, þó alltaf að hámarki 34 tonn. Skip útgerðar skulu skráð í Súðavík ekki síðar en 1. mars 2020 og lúta framangreindum kvöðum um löndun og mótfraumag.<sup>1</sup> Þá er áskilið að útgerðin hafi gildan vinnslusamning.
  - d. Krókabátar sem skráðir voru í Súðavík 1. júlí 2019 fái samtals **75** tonn.

Súðavík 24.2.2020

Bragi Þór Oddsson, sveitarstjóri Súðavíkurhrepps



<sup>1</sup> Vikið skal frá veiðireynslu og skráningu skipa Bjartmarz ehf. enda uppfyllir útgerð önnur skilyrði sbr. a. og c. lið 1. gr. reglugerðar nr. 676/2019. Sjá nánar í fylgiskjali með greinargerð.